

Ár 2010, fimmtudaginn 7. október kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Ályktun vegna boðaðs niðurskurðar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar fordæmir þá aðför ríkisvaldsins að Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Með þessum gjörningi er gróflega vegið að grunnstoðum samfélagsins og heilsu og öryggi íbúa svæðisins stefnt í hættu. Með tillögunum er í raun gert ráð fyrir að starfsemi sjúkrahússins á Selfossi leggist af í þeirri mynd sem við hingað til höfum þekkt.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands og önnur landsbyggðarsjúkrahús hafa um árabíl setið undir stöðugum áróðri um óhagkvæma og gagnslitla sjúkrahúspjónustu af hendi yfirvalda þrátt fyrir að ítrekað hafi verið sýnt fram á að þessi sjúkrahús eru sérlega hagkvæmar rekstrareiningar sem veita afbragðspjónustu.

Um 70 starfsmenn munu missa vinnuna verði niðurskurðurinn að veruleika. Bæjarráð telur fyrirhugaðan niðurskurð ólíðandi árás að sunnlensku samfélagi og skorar á þingmenn og ráðherra að standa vörð um Heilbrigðisstofnun Suðurlands þannig að hún megi áfram vera sá máttarstólpi samfélagsins sem hún hefur hingað til verið.

2. Bréf sem borist hafa frá:

2.1. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 24. september 2010.

Í bréfinu er rætt um reglur sem í gildi eru vegna ráðningar starfsmanna sveitarfélaga en ráðuneytinu hefur verið falið að hafa eftirlit með að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum um ráðningar.

Lagt fram til kynningar.

2.2. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 28. september 2010.

Í bréfinu er boðað til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldin verður á Hilton Hótelu Nordica föstudaginn 15. október nk.

Bæjarráð samþykkir að forseti bæjarstjórnar sækir fundinn fyrir hönd bæjarstjórnar.

2.3. **Golfklúbbi Hveragerðis frá 4. október 2010.**

Í bréfinu er rætt um þjónustusamning milli Hveragerðisbæjar og Golfklúbbs Hveragerðis vegna sláttar og umhirðu á Hamarsvelli og Grýluvelli en í sumar virðist hafa verið slegið oftast en samningurinn segir til um.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við óskum Golfklúbbsins um aukagreiðslur vegna sláttarins.

3. **Félagsleg málefni:**

3.1. **Skipan í þjónusturáð vegna yfirfærslu málefna fatlaðra.**

Samkvæmt samningi sem undirritaður var á Ársþingi SASS ber Hveragerðisbæ að skipa einn aðila í þjónusturáð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir að María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri verði fulltrúi Hveragerðisbæjar í þjónusturáði.

3.2. **Skipan í vinnuhóp um framtíðarskipan félagsþjónustu Uppsveita Árnassýslu, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga frá meirihluta bæjarráðs:

Bæjarráð samþykkir að skipa félagsmálastjóra og formann Velferðarnefndar í vinnuhóp um framtíðarskipan félagsþjónustu Uppsveita Árnassýslu, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Vinnuhópurinn starfi í samræmi við erindisbréf sem lagt er fram á fundinum en tillögur um skipan fulltrúa hinna sveitarfélaganna verða lagðar fyrir fundi viðkomandi sveitarfélaga á næstu dögum.

Hópurinn skili tillögum til sveitarstjórnanna fyrir 1. febrúar 2011.

Guðmundur Þór Guðjónsson
Ninna Sif Svavarsdóttir

Tillagan ásamt erindisbréfinu samþykkt samhljóða.

4. **Fjárhagsleg málefni:**

4.1. **Samningur við 7. bekk Grunnskólans í Hveragerði (GÍH) um umhverfishreinsun.**

Lagður fram samningur milli Hveragerðisbæjar og 7. bekkjar GÍH um umhverfishreinsun í bæjarfélaginu Með vinnu sinni leggja nemendur 7. bekkjar sitt af mörkum til að Hveragerðisbær sé ávallt hreinn og snyrtilegur og bæjarbúum til sóma.

Samningurinn samþykktur og bæjarstjóra falið að undirrita hann.

4.2. **Samningur við 10. bekk Grunnskólans í Hveragerði (GíH) um aðstoð við skólastarf.**

Lagður fram samningur milli Hveragerðisbæjar og 10. bekkjar GíH um aðstoð við skólastarf. Með samningnum taka nemendur 10. Bekkjar að sér aðstoð í mötuneyti skólans, þeir annast gæslu í frímínútum og í hádegi ásamt skólaliðum og kennurum ásamt því að annast gæslu á skólaskemmtunum elsta stigs. Nemendum er kunnugt um að starfskraftar þeirra eru hrein viðbót við það sem talið er nauðsynlegt til reksturs skólans. Samningurinn er í fullu samræmi við fyrri samninga við 10. bekk.

Samningurinn samþykktur og bæjarstjóra falið að undirrita hann.

4.3. **Verksamningur við Arnon ehf um verkið „Gervigrasvöllur á Vorsabæjarvelli 1. áfangi jarðvinna.“**

Lagður fram verksamningur milli Hveragerðisbæjar og Arnon ehf um verkið „Gervigrasvöllur á Vorsabæjarvelli 1. áfangi jarðvinna“ sem staðgengill bæjarstjóra hefur undirritað með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Verksamningurinn samþykktur.

4.4. **Verksamningur við Rein sf um verkið „Heiðmörk gatnagerð 2010.“**

Lagður fram verksamningur milli Hveragerðisbæjar og Rein sf um verkið „Heiðmörk gatnagerð 2010“ sem staðgengill bæjarstjóra hefur undirritað með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Verksamningurinn samþykktur.

5. Verfundargerðir:

5.1. **Gatnagerð 2010 frá 1. október 2010.**

Fundargerðin samþykkt.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. **Stjórnar SASS frá 22. september 2010.**

6.2. **Starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi frá 21. september 2010.**

6.3. **Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 13. september 2010.**

6.4. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 13. september 2010.**

- 6.5. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 5. október 2010.**
- 6.6. **Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 4. október 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:30

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)